

Tilskipun um öryggi

Til: Isavia innanlandsflugvalla, b/t Sigrúnar B. Jakobsdóttur framkvæmdastjóra

5. febrúar 2025

Efni: Tilskipun um öryggi #1-2025

Vísað er til laga um loftferðir nr. 80/2022, grein 233, og krafna reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 sem innleiðir (ESB) nr. 139/2014, Part-ADR.AR.A.040.

Samgöngustofa gefur hér með út fyrirmæli í formi tilskipunar um öryggi á grundvelli eftirfarandi óöruggs ástands:

Notkun flugbrautar 13/31 á Reykjavíkflugvelli í ljósi þess að hindranir, þ.e. trjágróður í Öskjuhlíð, hafa vaxið upp í hindranafleti sem vera skulu hindranalausir skv. Skipulagsreglum Reykjavíkflugvallar og skv. ákvæðum reglugerðar nr. 75/2016.

Mælingar Isavia innanlandsflugvalla frá október sl. staðfesta að trjágróður hefur vaxið upp í hindranafleti Reykjavíkflugvallar og því er ekki hægt að tryggja hindranalaust aðflug og flugtak á flugbraut 13/31. Hvorki Isavia innanlandsflugvöllum né Samgöngustofu hefur tekist að fá hindranir fjarlægðar þrátt fyrir skýr ákvæði Skipulagsreglna Reykjavíkflugvallar og hefur Reykjavíkurborg verið veittur frestur til 17. febrúar nk. til að upplýsa Samgöngustofu um hvernig staðið verður að uppfyllingu þeirra krafna.

Samgöngustofa beinir þeim fyrirmælum hér með til Isavia innanlandsflugvalla að takmarka notkun flugbrautar 13/31 þannig að flugbrautin sé ekki notuð til flugtaks og lendinga sem reynir á þá hindranafleti sem ekki eru hindranafríir. Þetta felur í sér að loka skal fyrir landingar á flugbraut 13 og flugbraut 31, og að loka skal fyrir flugtök á flugbraut 13. Með vísan í fyrri samskipti þá ítrekar Samgöngustofa að bannið nær einnig til sjúkraflugs. Nota má flugbraut 31 til flugtaks og til aksturs loftfara og ökutækja.

Tilskipun þessi skal taka gildi kl. 00:00 8. febrúar 2025.

Tilskipunin gildir til 5. maí 2025 en verður aflétt þegar staðfest hefur verið af Isavia innanlandsflugvöllum að hindranafletir skv. Skipulagsreglum Reykjavíkflugvallar séu hindranafríir ellegar að Isavia innanlandsflugvellir hafi auðkennt mögulegar mildunarráðstafanir sem Samgöngustofa hefur samþykkt.

Varðandi merkingar á lokaðri flugbraut skv. rg. 75/2016 (sbr. (ESB) 139/2014) þá vísast til ADR.OPS.B.070. Afstaða Samgöngustofu er sú að hér sé um skammtíma lokun að ræða (undir þremur mánuðum). Isavia innanlandsflugvellir skulu setja verklag, bæði vegna reksturs flugvallarins og vegna veitingu flugumferðarþjónustu á og við flugvöllinn sem tryggir að við framkvæmd þessarar tilskipunar sé unnið skv. viðeigandi kröfum auk þeirra ráðstafana sem Isavia innanlandsflugvellir auðkenndu í áhættumati sínu um lokun flugbrautar 13/31 vegna hindrana í Öskjuhlíð, dagsett 3. febrúar 2025. Tryggja þarf upplýsingagjöf til notenda með m.a. útgáfu NOTAM. Samgöngustofa horfir í þessu skyni til leiðbeiningarefnis í grein PART-ADR.OPS.B.100 sem birt hefur verið en ekki tekið gildi.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessarar tilskipunar um öryggi fyrir lok dags 6. febrúar 2025.

Ef frekari skýringa er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Hlín Hólm, deildarstjóri flugvalla, flugleiðsögu og flugverndar.

Samrit sent: Friðfinnur Skaftason, innviðaráðuneytið